




Minnisblað

Tilv.: 1.110.209 V08 – MB001

Stýrihópur um athugun ríkis, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group á flugvallarkostum
Ragna Árnadóttir, formaður

Efni: Sameiginleg athugun ríkis, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group á flugvallarkostum
- Ferðatímamælingar vegna hagrænnar athugunar á flugvallarkostum

Ferðatími að og frá flugvelli, fyrir mismunandi farþegahópa, er ein þeirra stærða sem notuð er í hagrænni frumathugun á flugvallarkostum. Bent hefur verið á að tveir þyngdarpunktur á höfuðborgarsvæðinu skipti farþega í innanlandsflugi mestu máli. Annars vegar miðja stjórnarsýslu og þjónustu og hins vegar miðja búsetu. Nákvæm gögn um landfræðilega miðju þjónustu eða stjórnarsýslu á höfuðborgarsvæðinu liggja ekki fyrir og því ekki hægt að mæla ferðatíma frá þeim punktum að/frá innanlandsflugvelli. Nákvæmur upphafsstaður farþega á leið í flug og áfangastaður farþega á leið úr flugi er því óþekkt stærð en í ferðatímamælingum var miðað við búsetumiðju höfuðborgarsvæðisins sem upphafs- eða áfangastað allra farþega sem fara um flugvöllinn. Áður en vikið er að forsendum þess mats og óvissu, má sjá búsetumiðju höfuðborgarinnar á mynd að neðan (mynd úr borgarvefsjá). Hún liggur í Fossvogsdal, á mörkum Reykjavíkur og Kópavogs, og hefur á síðasta áratug færst til suð-austurs þar sem meira hefur verið byggt sunnan og austan Fossvogsdals en norðan og vestan hans.



Mynd 1 – Búsetumiðja höfuðborgarsvæðisins 2002-2015 (úr borgarvefsjá)


Massamiðja allra ferða um Reykjavíkurlflugvöll

Ljóst er að massamiðja allra ferða íbúa höfuðborgarsvæðisins um Reykjavíkurlflugvöll er staðsett í búsetumiðju höfuðborgarsvæðisins. Óvissa matsins lýtur því fyrst og fremst að massamiðju allra ferða hjá íbúum landsbyggðar, sem fara um Reykjavíkurlflugvöll, og eru mikill meirihluti farþega um völlinn.

Til að undirbyggja mat á líklegasta upphafs- og áfangastað ferðar voru fyrirliggjandi gögn um skiptingu farþega í innanlandsflugi eftir búsetu og kannanir um áfangastaði þeirra teknar til skoðunar. Fyrir liggja kannanir Land-ráðs sf. frá árinu 2006 og árinu 2010. Þá var einnig horft til kannana sem gerðar voru í tengslum við félagshagfræðilega greiningu á framtíð innanlandsflugs.

Í könnun Land-ráðs árið 2006 fengust 146 svör um aðalerindi flugfarþega á höfuðborgarsvæðinu. Í viðhorfskönnun í september 2010, sem tók aðallega til tímabilsins júní til ágústloka, var spurt hvert á höfuðborgarsvæðinu farþegar í innanlandsflugi (búsettir utan höfuðborgarsvæðisins) ættu oftast erindi. Rúmlega 800 manns tóku þátt í könnuninni og var svarhlutfallið um 53%. Könnun Land-ráðs sf. frá árinu 2010 er, eftir því sem best er vitað, nýjasta heimildin um áfangastaði innanlandsfarþega af landsbyggðinni. Úrtak þeirrar könnunar er lítið en þó stærra en í fyrri könnun sem gerð var fyrir níu árum. Samkvæmt könnuninni frá 2010 áttu um 26% svarenda oftast erindi vestan Kringlumýrarbrautar (Reykjavík I), 31% milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar (Reykjavík II), 19% austan Elliðaáa (Reykjavík III), 17% sunnan Fossvogsdals (Grannsveitarfélög) og 7% í nágrenni höfuðborgarsvæðis. Samkvæmt þessu eiga 76% farþega af landsbyggðinni erindi innan svæðanna Reykjavík I, II og III.

Mynd 2 sýnir svæðaskiptingu í könnuninni og reiknaða massamiðju erinda flugfarþega á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt niðurstöðum hennar. Miðjan er reiknuð þannig að fyrst er miðja búsetu á hverju svæði (Reykjavík I-III o.s.frv.) fundin. Massamiðja hvers svæðis fær svo vægi í samræmi við könnun Land-ráðs frá 2010 til að reikna massamiðju erinda flugfarþega af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 2 Massamiðja áfangastaða farþega af landsbyggðinni í innanlandsflugi skv. könnun Land-ráðs 2010

Á myndinni að ofan sést að könnun Land-ráðs frá 2010 bendir til þess að að meðaltali séu farþegar af landsbyggðinni í innanlandsflugi á leið í massamiðju sem liggur við mót Grensásvegur og Bústaðavegur um 700 m frá búsetumiðju höfuðborgarsvæðisins. Ferðatímamælingar milli búsetumiðju höfuðborgarsvæðisins og flugvallarstæða eiga m.v. þessa könnun að gefa nokkuð góða mynd af ferðatíma flugfarþega af landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu til/frá flugvelli. Því virðist að sú nálgun þ.e. að farþegar eigi að meðaltali leið inn að búsetumiðju, sé ekki fjarri sanni.

Þó er rétt að huga að óvissu matsins. Í fyrsta lagi er mögulegt að úrtak könnunar Land-ráðs sé ekki nægilegt til að endurspeglar heildina og í öðru lagi er einhver hluti íbúa landsbyggðar á leið að miðju þjónustu, verslana eða stjórnýslu og því er miðja búsetu og sú massamiðja sem sést á mynd 2 að einhverju leyti ónákvæmur mælikvarði. Til að kanna umfang þeirrar óvissu var horft til kannana sem gerðar voru á árinu 2013, sem hluti af „Félagshagfræðilegri greiningu á framtíð innanlandsflugs“. Að neðan má sjá má sjá svör við spurningunni „Hver var tilgangur síðustu flugferðar innanlands?“, sundurliðað eftir áhrifsvæðum flugvalla á landsbyggðinni. 1.036 manns svöruðu spurningunni en úrtakið var 3.350 manns, sem er þó nokkuð stærra en úrtak fyrri kannana. Marktektarpróf sýndu þá marktækan mun milli hópa.

Tafla 1. Tilgangur flugferða hjá íbúum landsbyggðar.

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Heild	52%	8%	11%	17%	21%	17%	32%	36%	4%	6%
Bíldudalur	53%	5%	12%	16%	16%	21%	34%	47%	6%	11%
Ísafjörður	52%	6%	7%	12%	17%	19%	33%	36%	5%	7%
Gjögur	60%	15%	31%	25%	38%	50%	46%	69%	15%	9%
Akureyri	54%	7%	10%	16%	19%	17%	37%	19%	3%	4%
Grímsey	67%	4%	22%	19%	39%	33%	25%	39%	15%	20%
Húsavík	54%	10%	10%	24%	26%	13%	33%	21%	3%	5%
Þórshöfn	68%	5%	18%	29%	22%	9%	32%	44%	3%	11%
Vopnafjörður	58%	5%	14%	24%	31%	18%	28%	38%	5%	5%
Egilsstaðir	55%	11%	13%	25%	23%	17%	23%	28%	2%	5%
Höfn	37%	6%	3%	3%	12%	18%	31%	51%	3%	3%

Skýringar: 1. Hitta fjölskyldu eða vini, 2. Íþróttaviðburður eða tómstundastarf, 3. Sækja menningarviðburði, 4. Á leið í millilandaflug, 5. Á leið í frá innanlands, 6. Kaupa vörur eða þjónustu, 7. Sinna vinnu eða námi, 8. Sækja lækniþjónustu eða endurhæfingu, 9. Sækja aðra opinbera þjónustu, 10. Önnur ástæða.

Sjá má í töflu að ofan að 52% flugfarþega af landsbyggðinni eru á leið að hitta vini og fjölskyldu þ.e. líklega á leið í heimahús. Vissulega er hluti farþega á leið til Akureyrar (þ.e. hluti farþega frá Vopnafirði, Þórshöfn og Grímsey) en sökum smæðar þess farþegahóps er líklegt að hægt sé að gera þá nálgun að 52% flugfarþega séu á leið inn að búsetumiðju höfuðborgarsvæðis.¹ Vissulega eru þó margir að sinna fleiri erindum í sömu ferð, sem sést best á samtölu hlutfallstala í töflunni.

Þá eru 36% farþega að sækja lækniþjónustu eða endurhæfingu og 4% að sækja opinbera þjónustu. Miðað við staðsetningu heilbrigðisþjónustu og opinberrar þjónustu er áfangastaður því vestar en búsetumiðja, hve mikið vestar er óvíst, eftir því hvort viðkomandi eigi erindi á spítala í Fossvogi, spítala við Hringbraut eða hvort viðkomandi sé að sækja aðra lækniþjónustu annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Aðrir eru að sækja menningarviðburði, kaupa vörur eða þjónustu, sinna vinnu eða námi o.s.frv. Hins vegar, ef fullyrða á um rétt

¹ Ef sá hópur sem er á leið í millilandaflug er tekinn út fyrir sviga (millilandaferðar eru skoðaðir sérstaklega í hagrænni athugun) er talan um 63%, þ.e. ef hlutfallið er skalað upp.

viðmið í ferðatímamælingum, þarf að taka afstöðu til þess hvert aðalerindi ferðar var. Ekki er hægt að svara slíku hér og í ljósi óvissunnar sem felst í forsendunni um massamiðju ferða íbúa af landsbyggðinni er ferðakostnaður, í formi ferðatíma og aksturskostnaðar, metinn með 40% hnikun í næmnigreiningu á niðurstöðum, í hagrænni frumathugun. Slík hnikun er líkleg til að fanga dreifnina sem hlýst af breytilegri massamiðju ferða, og gott betur. Því er miðað við búsetumiðju höfuðborgarsvæðisins sem upphafs- og áfangastað allra ferða og áhrif óvissu metin með hnikunum í hagrænu mati á ferðakostnaði.

Ferðatímamælingar


Ferðatími á einkabíl milli búsetumiðju og Vatnsmýrar/Hvassahrauns var mældur um miðja viku í lok mars. Hvassahraun er sá flugvallarkostur til skoðunar sem liggur fjærst búsetumiðju. Fastlega má gera ráð fyrir að ferðatími að/frá öðrum flugvallarstöðum utan Vatnsmýrar sé minni en ferðatími í/úr Hvassahrauni. Mælingar fóru fram á annatíma árdegis (upphaf ferðar milli 7:45-9:00), annatíma síðdegis (milli 16:00-17:15) og utan annatíma. Ferðatími var mældur með GPS staðsetningartæki og óku bílstjórar í takt við umferðina. Farnar voru fimm ferðir í hvora átt fyrir sig á annatímum og tvær ferðir utan annatíma. Milli búsetumiðju og flugstöðvar í Vatnsmýri er um 5,7 km akstursleið sem sjá má mynd 3. Milli búsetumiðju og mislægra vegamóta á Reykjanesbraut við Hvassahraun er um 21,1 km akstursleið sem sjá má á mynd 4.² Niðurstöður ferðatímamælinga (meðaltal) eru sýndar í töflu að neðan.

- I. Frá búsetumiðju í Vatnsmýri var minnsti mældi ferðatími 9:23 og sá mesti 15:15 (mín:sek). Úr Vatnsmýri að búsetumiðju var minnsti mældi ferðatími 8:17 og sá mesti 15:37 (mín:sek).
- II. Frá búsetumiðju í Hvassahraun var minnsti mældi ferðatími 16:52 og sá mesti 22:45 (mín:sek). Úr Hvassahrauni að búsetumiðju var minnsti mældi ferðatími 16:56 og sá mesti 23:45 (mín:sek).
- III. Vegið meðaltal er reiknað út frá tímadreifingu umferðar á stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins.


Tafla 2. Ferðatími milli flugvalla.

	Mín.:Sek.		Mín.:Sek.
Búsetumiðja að flugstöð í Vatnsmýri		Flugstöð í Vatnsmýri að búsetumiðju	
Annatími árdegis	13:23	Annatími árdegis	09:17
Annatími síðdegis	10:21	Annatími síðdegis	12:42
Utan annatíma	09:39	Utan annatíma	09:18
Vegið meðaltal	10:57	Vegið meðaltal	10:42
Búsetumiðja að Hvassahrauni		Hvassahraun að búsetumiðju	
Annatími árdegis	19:07	Annatími árdegis	20:35
Annatími síðdegis	20:22	Annatími síðdegis	18:45
Utan annatíma	17:09	Utan annatíma	17:01
Vegið meðaltal	19:01	Vegið meðaltal	18:42

² Bent hefur verið á að búsetumiðja höfuðborgarsvæðisins 2015 sé jafnlangt frá gatnakerfi Kópavogs og Reykjavíkur. Ákveðið var að mæla ferðatíma að/frá Haðarlandi í Reykjavík. Líklegt er að mæling frá Furugrund í Kópavogi gæfi lengri meðalferðatíma í/úr Vatnsmýri en styttri í/úr Hvassahrauni en það var ekki sannreynt með mælingum.



Mynd 3. Búsetumiðja - Vatnsmyri: Akstursleið í ferðatímamælingu.



Mynd 4. Búsetumiðja - Hvassahraun: Akstursleið í ferðatímamælingu.